

4. aðalfundur Félags grunnskólakennara 13. – 14. mars 2008



Tillaga um kjarastefnu Félags grunnskólakennara
fyrir tímabilið 2008-2011

Kjaramál FG

Kjarastefna, markmið og sýn 2008-2011

Laun og önnur starfskjör

- Laun grunnskólakennara séu jöfn launum annarra stétta með svipaða menntun, ábyrgð og álag
- Auka möguleika kennara á framgangi í starfi
- Endurskoða grunnröðun til launaflokka og fjölda starfsheita
- Endurskoða fjölda launaflokka vegna kennslureynslu og hvenær þeir koma til greiðslu á kennsluferlinum
- Meta þarf enn frekar virði viðbótar- og háskólamenntunar (einingar) til launa

Kjör og starfsskilyrði sem tengjast gæðum í skólastarfi

- Kennsluskylda verði lækkuð enn frekar á komandi árum og tími sem við það losnar verði m.a. nýttur til aukins undirbúnings.
- Undirbúningstími sé á forræði kennarans.
- Stærð námshópa verði skilgreind og verði aldrei stærri en svo að unnt sé að sinna hverjum nemenda
- FG leggur áherslu á að sérstök vinnuaðstaða sé til fyrir hvern og einn kennara
- Tryggja þarf félagsmönnum rétt til einstaklingsbundinnar sí-, endur- og framhaldsmenntunar.

Kjarasamningsumhverfi

- Sérstakur kjarasamningur verði gerður fyrir félagsmenn FG annars vegar og skólastjórnendur hins vegar
- Félag grunnskólakennara er tilbúið að ræða við LN eða einstök sveitarfélög um gerð kjarasamninga og/eða vinnustaðasamninga
- Félag grunnskólakennara telur mikilvægt að undirbúningur fyrir kjarasamninga hefjist tímalega og nýr taki gildi um leið og sá eldri rennur út

Réttindamál

- FG beiti sér fyrir því að lögverndun starfsheitisins sé virt
- FG beiti sér fyrir því að ríkið auki fjármagn til námsorlofa
- Mikilvægt er að umbuna trúnaðarmönnum með greiðslu og/eða kennsluskyldulækkun
- Kennarar og námsráðgjafar fái aukinn rétt til leyfis á stafstíma skóla
- Tryggja þarf að starfsréttindi kennara séu ekki lakari heldur en hjá öðrum stéttum. Fylgjast þarf með þróun réttinda annarra með kerfisbundnum hætti